

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Reykjavík, 6. október 2021
Tilvísun: 202003044 / 3.4

Efni: Deiliskipulag atvinnusvæðis sunnan Suðurlandsvegjar, Rangárþing ytra

Rangárþing ytra hefur, með erindi dags. 15. september 2021, móttengið 22. september 2021, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 3. ágúst 2021. Engar athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum en umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn, þann 9. september 2021.

Í deiliskipulaginu felst um 13 ha svæði innan þéttbýlisins á Hellu. Fyrirhuguð er uppbygging nýu verslunar- og þjónustulóða, sjö athafnalóða og 8 iðnaðarlóða. Nýtingarhlutfall lóða er 0,2-0,4.

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð dags. 7. september 2021 og á uppdrætti í mkv. 1: 500, með sömu dagsetningu.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda vegna:

Stærð og afmörkun iðnaðarsvæðis er í ósamræmi við ákvæði aðalskipulags fyrir svæðið. Hluti iðnaðarsvæðisins er innan svæðis sem skilgreint er sem athafnasvæði í aðalskipulagi.

Auk þess bendir stofnunin á að sýna þarf og gera grein fyrir þeim veitum sem liggja í gegnum svæðið skv. aðalskipulagi. Skoða þarf hvort lega þeirra hafi áhrif á byggingarreiti innan verslunar- og þjónustusvæðis.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir
Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

